

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>UniWall 1K PU</b>		
Vörunúmer:	-		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Glært hlífðarlakk fyrir vegg og loft.		
Notkun sem ráðið er frá	-		
1.3 Söluaðili:	<b>Sérefni ehf.</b>	<b>Framleiðandi:</b>	.
	Síðumúla 22		Anc. Ets. Stoppen & Meeus
	108 Reykjavík		Van Praetstraat, 22
			B-2660 Belgía
Sími:	517 0404		00-32-3-825-00-55
Netfang:	<a href="mailto:serefni@serefni.is">serefni@serefni.is</a>		<a href="mailto:info@stoopen-meeus.com">info@stoopen-meeus.com</a>
Veffang:	<a href="http://www.serefni.is">www.serefni.is</a>		<a href="http://www.stoopen-meeus.com">www.stoopen-meeus.com</a>
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkráflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.		
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki	Engin.		
Viðvörðunarorð	Ekkert		
Hættusetningar	Engar		
Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.	
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	EUH208	Inniheldur 1,2-benzísópíazól-3(2H)-on. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).		
Sjá einnig 11. og 15. lið.	(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:	Á ekki við
3.2 Blöndur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem hættuleg, eða eru til staðar í þeim styrk að þeirra beri að geta í þessum lið.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almenn viðbrögð:</b>	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
<b>Innöndun</b>	Flytjið hinn slasaða í hreint loft og haldið hita á viðkomandi. Leitið lækni verði vart við óþægindi. Leggið í læsta hliðarlegu við öndunarerfiðleika og veitið öndunaraðstoð gerist þess þörf.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax með sápu og vatni. Leitið lækni verði vart við óþægindi eða ertingu. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið fyrir næstu notkun.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með vatni í 20 mínútur og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur ef unnt er. Leitið lækni verði vart við óþægindi eða ertingu.
<b>Inntaka</b>	Skolið munn vandlega og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst. Leitið lækni. Kasti hinn slasaði upp, skal halda höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Getur valdið ertingu í augum og húð, einnig innvortis við inntöku.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Koldíoxíð, slökkviduft, sandur, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
<b>Óhentugur slökkvibúnaður:</b>	Beinn vatnsgeisli gæti dreift eldi.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: Kolefnisoxíð, reykur, eitraðar gufur og niðurbrotsefni (aldehýð, lífrænar sýrur, nituroxíð, ammóníak, amín).

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv. 13.lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Afmarkið og rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar. Forðist innöndun ryks og snertingu við húð og augu.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni (sandur, sag, kísilgúr) til að hreinsa upp losað efni. Setjið í þar til gerð vel merkt og lukt ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Reykið ekki og neytis einskis við vinnu með vöruna.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

## 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað. Æskilegt geymsluhitastig: 5°-40°C. Hlífið gegn beinu sólarljósi, háu hitastigi, heitum flötum og opnum eldi.

7.3 Sértek, endanleg notkun: Sjá lið 1.2.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 482).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Aughlífar

Notið hlífðargleraugu með hlífðarvörn af viðurkenndri gerð (EN166).

#### Húð - hendur

Notið hlífðarhanska (EN374). Efnisval og -þykkt sé skv. leiðbeiningum framleiðenda. Skiptið reglulega um hanska.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar sem hreinsa skal reglulega.

#### Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á notkun öndunarbúnaðar. Sé loftræsting ófullnægjandi, notið CE-merкта öndunargrímu með síu (EN143).

#### Umhverfi

Forðist alla losun.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Tær
pH:	7,0-9,0
Eðlisþyngd:	1,0-1,1 g/ml
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við ætlaða notkun..

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hlífið gegn sterku sólarljósi

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: Kolefnisoxíð, reykur, eitraðar gufur og niðurbrotsefni.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Getur valdið ertingu í öndunarfærum, hósta og andnauð.
Snerting við húð	Getur valdið húðertingu og ofnæmisviðbrögðum.
Snerting við augu	Veldur augnertingu og óþægindum.
Inntaka	Getur valdið ertingu í meltingarvegi.

Húðæting/erting	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Alvarlegur augnskaði	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Næming, húð/öndunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á æxlunaræri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á líffæri eitt skipti	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á líffæri endurtekin	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

UniWall 1K PU					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	65480	mg/kg		
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	816	mg/l		

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:	Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg.
12.2 Þrávirgni og niðurbrot:	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.
12.3 Uppsöfnun í lífverum:	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.
12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.
12.5 PBT/VPvB:	Á ekki við.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP). Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Liggur ekki fyrir.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa/Dags: 1/15.10.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**STOOPEN & MEEUS**  
**SAFETY DATA SHEET** According to EG 1907/2006, 453/2010  
**UNIWALL 1K PU**

Útgáfa: 11.02.2018 Útgáfa 1